

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 319/1990. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Hermanni Ragnarssyni

(Garðar Garðarsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og lengingar á ökuleyfissviptingu.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann vægustu refsingar, og verði ökuleyfissvipting felld niður. Í báðum tilvikum er þess krafist, að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Kröfu sína um, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað, reisir ákærði á því, að slík vafaatriði séu í málinu, að ríkissaksóknara hafi borið að láta sækja þing af hálfu ákærvalds við meðferð þess í héraði, sbr. 2. tl. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Af hálfu ákærvalds er kröfunni mótmælt, enda séu ekki skilyrði til að verða við henni, sbr. ákvæði 2. mgr. 130. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Engin skilyrði eru til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm, þótt eigi væri sótt þing af hálfu ákærvalds í héraði. Verður kröfu ákærða um ómerkingu hins áfrýjaða dóms því hafnað.

Ákæra 29. september 1989.

Viðurkennt er og sannað, að ákærði ók í bæði þau skipti, sem í ákæru greinir, hraðar en leyfilegt er á Grindavíkurvegi, sbr. 1.

gr. auglýsingar nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum. Varða brot ákærða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Ákæra 22. janúar 1990.

Ákærði hefur gefið þá skýringu á akstri bifreiðarinnar Ö-260 föstudaginn 27. október 1989, að henni hafi ekið Norðmaður, sem hann hafi kynnst á veitingastað fyrir um kvöldið, en hann hafi horfið af vettvangi, eftir að bifreiðin valt.

Skýring þessi er ekki marktæk, enda á hún sér enga stoð í gögnum málsins. Verður lagt til grundvallar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni, er hún valt á Reykjanesbraut 27. október 1989. Fram er komið, að hann hafði verið við drykkju kvöldið áður og orðið mjög ölvaður.

Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara um þetta ákæruefni og færslu brots til refsíákvæðis.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Með vísan til 101. gr. og 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki. Ákveðst svipting ökuréttinda 1 ár. Ákærði var með héraðsdómi sviptur ökuréttindum í sex mánuði. Ber því að ákveða ákærða sviptingu ökuréttinda til viðbótar í sex mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Ragnarsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Garðarssonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 15. júní 1990.

Ár 1990, föstudaginn 15. júní, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefáns-

syni héraðsdómara, upp kveðinn dómur í máli nr. 89.2271: Ákærvaldið gegn Hermanni Ragnarssyni.

Mál þetta, sem var dómtekið 28. f.m., er höfðað á hendur Hermanni Ragnarssyni, Bjarnavöllum 4, Keflavík, kt. 220855-3689, með tveimur ákærum ríkissaksóknara, dags. 29. september 1989 og 22. janúar 1990.

A.

Með ákæru, dags. 29. september 1989, er málið höfðað „fyrir að aka eftirtöldum bifreiðum á árinu 1989 yfir leyfðum hámarkshraða norður Gíghæð á Grindavíkurvegi í Gullbringusýslu, svo sem hér greinir:

- 1) að kvöldi mánudagsins 29. maí bifreiðinni Ö-260 með allt að 141 kílómetra hraða miðað við klukkustund,
- 2) að kvöldi laugardagsins 15. júlí bifreiðinni Ö-2650 með allt að 111 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákæru, dags. 22. janúar 1990, er málið höfðað „fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 27. október 1989 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö-260 frá Reykjavík áleiðis til Keflavíkur og svo óvarlega vestur Reykjanesbraut á Strandarheiði í Gullbringusýslu, að bifreiðin lenti út af veginum og valt.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt refsingum sem hér segir: [Ákærði sætti refsíðomi fyrir ölvunarakstur 1977 og fyrir líkamsárás 1985. Hann hefur 9 sinnum sæst á greiðslu sekta fyrir umferðarlagabrot.]

B.

Ákæra 29. september 1989.

1. Mánudaginn 29. maí 1989 kl. 22.42 stöðvuðu lögreglumenn, sem voru í eftirlitsferð til suðurs um Grindavíkurveg á vegarkafli á Gíghæð í lögreglubifreiðinni Ö-1005, bifreiðina Ö-260, sem ákærði ók úr gagnstæðri átt. Samkvæmt skýrslu lögreglumanna mældist hraði bifreiðarinnar 141 km á klst., en hámarkshraði á veginum var 90 km á klst.

Ákærði hefur áætlað, að hann hafi ekið á 120 km hraða, en kveðst ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar í umrætt sinn. Hann hafði

„radarvara“ í bifreiðinni. Hann dregur hraðamælingu lögreglunnar í efa fyrir þá sök, að lögreglumennirnir hafi ekki getað sýnt honum töluna í ratsjá, þegar hann kom yfir í lögreglubifreiðina.

Eftirtalin vitni hafa gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi: Ína Björk Hannesdóttir, Ásgarði 10, Keflavík, og lögreglumennirnir, sem stóðu að kærinni, þeir Arnar Danielsson, Ránargötu 5, Grindavík, og Hjálmar Hallgrímsson, Víkurbraut 28, Grindavík. Lögreglumennirnir staðfestu skýrslur sínar með eiði.

Ína Björk Hannesdóttir var farþegi í framsæti bifreiðarinnar Ö-260, sem ákærði ók í umrætt sinn frá baðhúsinu við Bláa lónið áleiðis til Keflavíkur. Hún kvaðst hafa séð 120 km hraða á hraðamælinum, rétt áður en hún varð vör lögreglubifreiðar, sem kom á móti með sírenum.

Lögreglumennirnir Arnar Danielsson og Hjálmar Hallgrímsson varðstjóri báru, að ratsjá lögreglubifreiðarinnar hefði verið prófuð fyrir og eftir hraðamælinguna með tónkvíslum, sem eru sérstaklega til slíks ætlaðar. Þeir kváðu ratsjána hafa sýnt 141 km hraða á klst, en ákærði hafi brugðið snögg við, snarhægt ferðina, svo að tölurnar hafi lækkað mjög ört og þeir ekki náð að „læsa inni“ hærri tölu en 132. Þeir sýndu ákærða ekki þá tölu, og bar Arnar Danielsson, að Hjálmar hefði skipað svo fyrir, að þeirri tölu skyldi sleppt út til að rugla málið ekki með annarri tölu en þeirri, sem kærnan myndi hljóða um.

2) Laugardaginn 15. júlí 1989 kl. 22.25 mældu lögreglumenn, sem óku Grindavíkurveg til suðurs, með ratsjá hraða bifreiðarinnar Ö-2650, sem ákærði ók úr gagnstæðri átt á vegarkafli við Gíghæð. Reyndist hraðinn vera 111 km á klst.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um brot þau, sem hér um ræðir.

3) Sannað þykir, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, sem í ákærinni greinir og eru þar réttilega færð til lagaákvæða.

C.

Ákæra 22. janúar 1990.

Föstudaginn 27. október 1989 kl. 2.45 var hringt á lögreglustöðina í Keflavík og tilkynnt um mann á Reykjanesbraut talsvert innan við Voga, og hegðaði hann sér undarlega, hlypi fyrir bíla, er leið ættu um veginn. Matthias H. Guðmundsson lögreglumaður og Ægir Guðlaugsson aðstoðarvarðstjóri fóru að leita mannsins. Á Strandarheiði óku þeir fram á bifreiðina Ö-260, sem hafði verið ekið vestur Reykjanesbraut, snúist til á veginum, oltið sunnan megin vegar og lent á hjólu. Segir í lögregluskýrslu, að ákærði hafi setið í bílstjórásæti og verið með opna bjórdós í sætinu milli fóta sér. Hann hafi verið greinilega ölvaður, ekki munað, hvað gerst

hafði, en neitað að hafa ekið bifreiðinni. Kvaðst hann hafa verið með Ólafi Eyjólfssyni, Krossholti 3, Keflavík, og öikumanninum, sem hann vissi ekki, hver var. Kvað hann mennina hafa farið og skilið sig eftir. Farið var með ákærða til lögreglustöðvar, þar sem ekki var unnt að sjá nein spor í snjónum eftir þessa menn við athugun á vettvangi. Einnig var náð í Ólaf Eyjólfsson.

Framburður þeirra er sagður hafa verið ógreinilegur og samhengislaus. Ólafur kvaðst hafa „húkkad“ sér far heim, eftir að hafa verið með ákærða á veitingahúsinu Gauki á Stöng.

Læknir var fenginn til að taka ákærða blóðsýni. Við rannsókn þess reyndist magn alkóhóls vera 2,37‰. Ólafi Eyjólfssyni var einnig tekið blóðsýni, og reyndist magn alkóhóls í því vera 1,77‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að kl. um 9 umrætt fimmtudagskvöld hafi hann komið ásamt Ólafi Eyjólfssyni í veitingastaðinn Gauk á Stöng og ekið bifreiðinni Ö-260 þangað. Þeir höfðu verið á gæsaveiðum, og var haglabysa ákærða í bifreiðinni svo og bjórkassi. Hann kvaðst hafa drukkið bjór og Jägermeister í veitingahúsinu og orðið mjög ölvaður. Þar hafi hann hitt 4-6 norska skotveiðihugamenn, og hafi einn þeirra verið mjög áfjádur í að fá að sjá og jafnvel prófa haglabyssu hans. Einnig hafi borið á góma, þegar ákærði hugðist láta vera að drekka, þar sem hann væri með bifreið, að einn Norðmannanna hafi sagst ekki drekka.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum, eftir að hann fór frá Gauki á Stöng, en rankað við sér í aftursæti bifreiðarinnar, eftir að hún hafði oltið, og þá hafi enginn annar maður verið í henni. Hann kveðst hafa hringt í eiginkonu sína og setið eftir það töluverðan tíma í bifreiðinni og drukkið bjór.

Vitnið Ólafur Eyjólfsson kvaðst hafa komið á veitingastaðinn Gauk á Stöng umrætt kvöld í bifreið ákærða, Ö-260, og þá einskis áfengis hafa neytt, þótt bjórkassi væri í bifreiðinni. Þeir hafi setið að drykkju í veitingahúsinu með Norðmönnum og þremur stúlkum. Þegar stúlkurnar yfirgáfu staðinn, kvaðst hann hafa farið með þeim og skilið ákærða eftir, en þeir hafi þá verið orðnir ölvaðir. Kvaðst hann hafa fengið far í bifreið stúlkanna á móts við Hafnarfjörð, en gengið síðan áleiðis til Keflavíkur, alla leið á Strandarheiði, þar sem tvær bifreiðar, sem voru á leið til Keflavíkur, stöðvuðu (sic) fyrir honum og fékk hann far með annarri þeirra, Lada-bifreið, sem Kristinn Þór Guðbjartsson ók, heim til sín.

Samkvæmt vitnisburði eiginkonu ákærða, Ingibjargar Finnsdóttur, hringdi ákærði til hennar upp úr miðnætti umrædda nótt, greinilega mjög ölvaður, og kvaðst vera í Bláfjöllum eða á leið þangað og sitja aftur í bílnum með hundi sínum. Virtist hann vera skelkaður og vera að biðja um aðstoð. Hún kvaðst hafa fengið Guðmund Guðbjörnsson til að koma með sér að

leita ákærða. Þau hafi ekið upp í Bláfjöll og að Hveragerði í talsverðri snjókomu, síðan til Reykjavíkur, þar sem hún hringdi í bilasíma ákærða, sem svaraði og var þá á lögreglustöðinni í Keflavík. Þau Guðmundur óku þá til Keflavíkur og komu að bifreiðinni Ö-260 utan Reykjanesbrautar vinstra megin. Þá snjóaði ekki, og gengu þau að bifreiðinni og tóku þaðan ríffil og fatnað.

Samkvæmt vætti Guðmundar Guðbjörnssonar, Miðtúni 1, Keflavík, hringdi Ingibjörg Finnsdóttir í hann rétt upp úr miðnætti og bað hann að koma með sér að leita ákærða. Kvaðst hann hafa hringt í ákærða, sem hefði þegar svarað í bilasíma og heyrnlega verið mjög ölvaður, sagst vera uppi í Bláfjöllum og ekki vera slasaður, en sitja í bifreiðinni ásamt hundi sínum og vera að drekka bjór. Þau Ingibjörg hafi þegar farið að leita ákærða, og hafi snjóað á leiðinni til Reykjavíkur, en þó meira í Bláfjöllum. Eftir að hafa ekið talsvert um, hafi þau farið til Reykjavíkur og hringt til ákærða, sem reyndist þá vera á lögreglustöðinni í Keflavík. Á leiðinni aftur til Keflavíkur hafi verið eljagangur, og er þau hafi ekið fram á bifreið ákærða við Vatnsleysuströnd, hafi þau tekið úr henni byssu og fleira. Bjórdósi hafi verið út um alia bifreiðina og einhverjar þeirra uppteknar.

Lögreglumennirnir Ægir Guðlaugsson og Matthías Hólm Guðmundsson fóru inn á Reykjanesbraut frá lögreglustöðinni í Keflavík vegna tilkynningar um, að maður væri þar á gangi. Þeir fundu hann ekki, en komu að bifreiðinni Ö-260, sem hafði oltið út fyrir brautina á Strandarheiði, og sneri framendi til Reykjavíkur. Þeir gáfu skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi.

Ægir Guðlaugsson kvað ákærða hafa setið undir stýri bifreiðarinnar með bjórdós í höndum og verið mjög ölvaður að sjá. Hann hafi viljað meina, að tveir menn hefðu verið með sér í bifreiðinni, Ólafur Eyjólfsson og einhver annar, og hefði annar þeirra ekið. Um tommuþykkur nýfallinn snjór hafi verið yfir, og muni lítið eitt hafa snjóað, en fok ekkert verið. Engin spor hafi fundist við bifreiðina nema við ökumannshurðina og engin spor legið í burtu frá henni. Hann taldi, að aðstæður hefðu verið þannig, að för hefðu sést, og útilokað, að þau hefði fennt í kaf.

Matthías Hólm Guðmundsson kvað ákærða hafa virst vera mjög ölvaður og áfengisþef lagt af honum. Hann hefði haldið á bjórdós og fleiri slíkar hefðu verið í bifreiðinni. Á honum hefði verið að skilja, að einhverjir menn hefðu verið með honum í bifreiðinni, en stungið af eftir veltuna. Nýfallinn snjór, tæplega ökkkladjúpur, hefði verið yfir öllu, en augljóst hefði verið við könnun á sporum, að enginn hefði farið frá bifreiðinni. Hætt hefði verið að snjóa, för eftir bifreiðina hefðu verið mjög greinileg og afar ólíklegt, að för eftir gangandi mann hefðu afmáðst eða fennt í þau.

Föstudaginn 27. október 1989 fóru Rúnar Lúdvíksson rannsóknarlög-

reglumaður og Karl Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn inn á Reykjanesbraut til að kanna, hvort þar væru sjáanleg för eftir gangandi mann í snjófölinu, sem fallið hafði kvöldið áður, vegna framangreindrar frásagnar Ólafs Eyjólfssonar. Karl Hermannsson skýrði svo frá fyrir dómi, að spor hefðu sést eftir mann, reikulan í spori, frá Kúagerði óslitið upp á miðja Strandarheiði, um 2 km Hafnarfjarðar megin við þann stað, er bifreiðin Ö-260 hafði oltið. Á sama stað og sporin eftir hinn gangandi mann hurfu, hefðu verið för eftir 1-2 bifreiðar út fyrir veginn. Virtist frásögn Ólafs Eyjólfssonar fá staðist miðað við verksummerki.

Framangreindir lögreglumenn unnu eiða að vætti sínu.

Í skýrslu Rúnars Lúðvíkssonar greinir frá því, að hann hafi haft samband við Kristín Þór Guðbjartsson, sem hafi staðfest, að hann hafi verið á ferð um Reykjanesbraut þá um nóttina og ekið fram á Ólaf Eyjólfsson, sem var gangandi. Einnig hafi leigubifreið staðnæmst. Ólafur hafi verið talsvert ölvaður og allkaldur, og hafi hann ekið honum heim, en á leiðinni ekið að heimili ákærða að beiðni Ólafs til að kanna, hvort hann væri kominn þangað. Svo hafi ekki verið.

Með framburði ákærða og vætti vitna er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttarni það, sem í ákæru greinir. Vegna eftirfarandi áfengisneyslu verður niðurstaða alkóhólrannsóknar ekki lögð til grundvallar.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

D.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin sekt 35.000 krónur, og komi varðhald 14 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svipta ber ákærða ökuréttindum samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga í 6 mánuði frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar hrl., 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Ragnarsson, greiði sekt, kr. 35.000, og komi varðhald 14 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 35.000.